

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 365/1994.

Samskip hf.

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Fiatagri Danmark A/S

(Ólafur Axelsson hrl.) og

Fiatagri Danmark A/S

gegn

Samskipum hf. og

Búnaðarbanka Íslands

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Farmflutningar. Farmskírteini. Skaðabætur. Bankar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1994. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómsfjárhæð verði lækkuð verulega með heimild í 2. mgr. 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en hámarksábyrgð samkvæmt þeirri grein nemi 2 SDR á 21000 kíló eða 42.000 SDR, en 1 SDR hafi 1. október 1992 jafngilt 79,3632 krónum. Hámarksbótafjárhæð nemi því 3.333.254 krónum. Frá þeirri fjárhæð eigi að draga jafnvirði 9.000 bandaríkjadala, sem greiddir hafi verið af verði hjólaskóflunnar miðað við gengið 71 krónu fyrir bandaríkjadal, þ. e. 639.000 krónur. Einnig eigi að draga frá þeirri fjárhæð ávísun frá stefnda Búnaðarbanka Íslands 29. október 1992, að fjárhæð 94.444 danskar krónur, á genginu 11,02 krónur fyrir danska krónu, 1.040.762 íslenskar krónur. Heildarbótafjárhæðin eigi þannig að nema 1.653.492 krónum. Þá verði málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Fiatagri Danmark A/S gagnáfrýjaði málinu með stefnu 15. september 1994 og krafðist þess, að aðaláfrýjandi greiddi honum 791.680 danskar krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr.

25/1987 frá 1. nóvember 1992 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá áfrýjaði félagið málinu með stefnu sama dag á hendur Búnaðarbanka Íslands og krafðist þess, að bankanum yrði gert að greiða aðaláfrýjanda fjárhæð gagnáfrýjunarstefnunnar með sömu dráttarvöxtum og málskostnaði og þar greinir.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst bankinn lækkunar dómkrafna gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl. Þar er meðal annars um að ræða gögn úr bókhaldi gagnáfrýjanda varðandi viðskipti við Vélakaup hf.

I.

Í september 1992 seldi Fiatagri A/S hjólaskóflu ásamt fylgihlutum Vélakaupum hf., sem við kaupin komu fram undir firmanafninu Allis Trading Company. Var skóflan send til landsins með m/s Helgafelli, skipi Samskipa hf. Farnskírteini var gefið út vegna flutningsins 17. september 1992. Samkvæmt því átti ekki að afhenda vöruna nema gegn afhendingu á eintaki þess, sem bæri rétta óslitna framsalsröð. Hið danska fyrirtæki gaf einnig út reikning vegna kaupanna, að fjárhæð 850.000 danskar krónur, að frádrögnum 9.000 bandaríkjadöllum, sem Vélakaup hf. hefðu greitt, þegar skóflan var pöntuð. Reikningurinn var sendur Vélakaupum hf., og átti að senda fyrirtækinu frumrit farmskírteinis, þegar það hefði greitt reikninginn í banka. Skipafélagið afhenti hins vegar vöruna fljótlega, eftir að hún barst hingað til lands, án þess að frumriti farmskírteinis væri framvísað eða krafan greidd. Við eftirgrennslan gagnáfrýjanda kom í ljós, að Búnaðarbanki Íslands hafði stimplað á ljósrít farmskírteinis: „Má afgreiða, 16. október 1992, Búnaðarbanki Íslands, erlend viðskipti“, og fylgdi áritun eins bankastarfsmanns. Aðaláfrýjandi taldi sig hafa afhent hjólaskófluna í trausti þessa. Bú Vélakaupa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 12. mars 1993, en fyrirtækið hafði selt skófluna fljótlega, eftir að það fékk hana afhenta.

II.

Gagnáfrýjandi byggir bótakröfu sína á hendur aðaláfrýjanda og stefnda á því, að þeir séu in solidum bótaskyldir vegna þess tjóns, sem af því hlaut, að hjólaskóflan var afhent án greiðslu.

Sýknukrafa aðaláfrýjanda gagnvart gagnáfrýjanda er reist á því, að félagið hafi mátt afhenda skófluna, þar sem Búnaðarbankinn hafi heimilað afhendingu. Aðaláfrýjandi gerir í þessu máli engar kröfur á hendur bankanum. Hann heldur því hins vegar fram, að með ástimplun sinni hafi bankinn ábyrgst afgreiðslu skóflunnar, og vitnar í því sambandi til starfsreglna, sem samið hafi verið um milli skipafélaga og bankastofnana. Samningssamband var ekki á milli gagnáfrýjanda og bankans. Sýknukrafa aðaláfrýjanda gagnvart gagnáfrýjanda verður þess vegna ekki reist á því, að bankinn hafi heimilað honum að afhenda vöruna án frumrits farmskírteinis og án framsals til viðtakanda. Verður við það að miða, að ábyrgð skipafélagsins gagnvart gagnáfrýjanda á því að afhenda skófluna aðeins gegn farmskírteini, sé í fullu gildi. Staðfesta ber því niðurstöðu hér- aðsdóms um ábyrgð aðaláfrýjanda á afhendingu skóflunnar og fylgihluta. Hins vegar verður bankinn sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, þar sem ekki er í máli þessu nægjanlega í ljós leitt, hvert traust aðaláfrýjandi mátti leggja í stimpil bankans. Sök bankans gagnvart gagnáfrýjanda er því ekki sönnuð.

III.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að krafa gagnáfrýjanda verði lækkuð, aðallega með tilvísun til ákvæða 2. mgr. 70. gr. siglingalaga, sbr. 68. gr. sömu laga. Aðaláfrýjandi hafði tekist þá skyldu á herðar að afhenda hjólaskófluna og fylgihluti hennar aðeins gegn frumriti farmskírteinis með óslitinni framsalsröð. Þetta gerði hann ekki og bar fyrir sig að hafa látið vélina af hendi í trausti stimpils Búnaðarbanka Íslands á ljósrit, sem ekki bar nein framsöl. Ekki er um það deilt, að starfsmaður aðaláfrýjanda hafi fylgt starfsreglum. Stimpillinn bar ekki með sér, að ábyrgð væri tekin á afgreiðslunni. Afhendingin var án nokkurs tilefnis frá gagnáfrýjanda eða nokkurs, sem hann bar ábyrgð á. Verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi af ásetningi tekið áhættu af þessari afhendingu. Þegar af þeim ástæðum getur hann ekki borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar, sbr. og niður-

lagsákvæði 70. gr. siglingalaga. Hann ber því fulla ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi byggir kröfu sína á fram lögðum reikningi, sem styðst við gögn úr bókhaldi hans. Gagnáfrýjandi hefur dregið 9.000 bandaríkjadali frá kröfu sinni, en það var sú greiðsla, sem Vélakaup hf. greiddi við pöntun vörunnar, og verður hún ekki dregin frá að nýju. Ósannað er, að nokkur önnur greiðsla hafi borist gagnáfrýjanda vegna hjólaskóflunnar, og verða því ekki frekari greiðslur dregnar frá kröfu hans.

Af framangreindum ástæðum ber að taka kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda til greina. Vextir greiðast þó frá þingfestingar-degi í héraði með þeim rökum, sem í héraðsdómi greinir.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Búnaðarbanki Íslands skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi Búnaðarbanki Íslands skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Fiatagri Danmark A/S.

Aðaláfrýjandi, Samskip hf., greiði gagnáfrýjanda 791.680 danskar krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. október 1993 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands beri sjálfur sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní 1994, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ólafi Axelssyni hrl., kt. 220946-4529, Höfðabakka 9, Reykjavík, f. h. Fiatagri Danmark A/S, Borgmester Christiansens Gade 58, DK-2450, Kaupmannahöfn SV, Danmörku, til heimtu skaðabóta á hendur Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, og Samskipum hf., kt. 440986-1539, Holtabakka við Holtaveg, með stefnu, birtri 12. október 1993.

Dómkröfur stefnanda eru, að báðum stefndu verði gert in solidum að

greiða stefnanda DKK (danskar krónur) 791.680,00 með svofelldum dráttarvöxtum frá 1. nóvember 1992 til greiðsludags þannig: [...]. Jafnframt verði þeim gert að greiða málskostnað [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands eru, að bankinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem taki mið af fjárhæð stefnukröfu, eins og gert sé á dskj. nr. 36. Til vara krefst hann þess, að honum verði gert að greiða stefnanda verulega lægri fjárhæð en stefnandi krefst og dráttarvextir einungis reiknaðir frá þingfestingu málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda Samskipa hf. eru, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða því hæfilegan málskostnað, til vara, að stefnuþjárhæð verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málið var þingfest 21. október 1993, en dómariinn tók við meðferð þess 19. janúar sl. Hinn 9. febrúar sl. var málið flutt um frávísunarkröfur stefndu. Hinn 15. sama mánaðar var kveðinn upp úrskurður á þá leið, að fallist var á þá kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands, að málinu yrði vísað frá dómi, hvað bankann varðaði, en ekki var fallist á kröfu stefndu Samskipa hf. um frávísun.

Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar, og 7. mars sl. var kveðinn upp dómur. Þar segir m. a.: „Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, afhentu Samskip hf. Vélakaupum hf. hjólagröfu frá sóknaraðila án þess að öðru væri framvísað en ljósriti farmskírteinis með áritun varnaraðila: „Má afgreiða“. Í málinu er deilt um ábyrgð varnaraðila og meðstefnda á þessari afgreiðslu. Dómkröfur sóknaraðila á hendur beggja stefndu í héraði eiga rætur að rekja til þessa atviks, og honum var heimilt að nýta sér réttarfarsþagráði l. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi að öðru leyti en varðar meðstefnda, Samskip hf., og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar.“

I.

Tildrög máls.

Hinn 16. október 1992 sótti Björn Ólafsson, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Vélakaupa hf., Allis Trading Co., um gjaldeyri, 94.443 danskar krónur, vegna félagsins í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands. Gjalderyrisúmsóknin var sögð vera vegna viðskipta umsækjanda við stefnanda, Fiatagri A/S. Með gjalderyrisúmsókninni í bankanum framvísaði Björn ljósriti af farmskírteini, útg. af Samskipum hf. til stefnanda í Árósum 17. september 1992, varðandi flutning á hjólagröfu með skipinu Helgafelli til hafnar í Reykjavík, þar sem viðtakandi skv. farmskírteininu er Allis Trading Com-

pany. Björn greiddi andvirði gjaldeyrissins og fékk ljósrít farmskírteinisins stimplað orðunum: „Má afgreiða 16. okt. 1992. Búnaðarbanki Íslands. Erlend viðskipti.“, en í stimpilinn handritaði Gísli Sigurgeirsson, starfsmaður bankans, er afgreiddi umsóknina, fornafn sitt. Hins vegar er á reikningi, sbr. dskj. nr. 3, er stefnandi gerði Allis Trading Company 16. september 1992 varðandi viðskipti aðila um hjólagröfuna, vélin verðlögð á 850.000 danskar krónur og talið, að kaupandi hafi þá greitt 9.000 USD af verðinu, og beri honum að greiða eftirstöðvar kaupverðs innan 30 daga, frá því að vélin komi til landsins, en farmskírteinið verði í höndum stefnanda, uns greitt hafi verið. Og þá hefur Björn Ólafsson gefið upp við ríkistollstjóra, sbr. dskj. nr. 25, að fob-verð vélarinnar í dönskum krónum væri 485.900.

Björn framvísaði þessu ljósríti af farmskírteini hjá stefnda Samskipum hf. og fékk vélina afhenta. Hinn 12. mars 1993 var bú Vélakaupa hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Ekki er deilt um, að andvirði vélarinnar var ekki greitt stefnanda, eins og reikningur hans sagði til um, og vélin er ekki lengur í vörslum búsin. Staðhæfingu stefnanda um, að búið sé eignalaust, hefur ekki heldur verið andmælt.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Bótakrafa á hendur stefndu er af hálfu stefnanda studd því, að þeir beri ábyrgð in solidum á því tjóni, sem hann hafi orðið fyrir, er umrædd hjólagrafa ásamt fylgihlutum var afhent Vélakaupum hf. /Allis Trading Company, án þess að framvísað væri frumriti af farmskírteini eða andvirði vörunnar greitt stefnanda. Og þar sem grafan hafi verið afhent Vélakaupum hf. án greiðslu, félagið gjaldþrota og bú þess eignalaust, hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, sem samsvari andvirði gröfunnar samkvæmt reikningi að frá-dreginni innborgun 9.000 USD.

Af hálfu stefnanda er talið, að stefndu hafi báðir með sagnæmum hætti valdið því, að grafan var afhent; annars vegar hafi starfsmaður bankans af vítaverðu gáleysi áritað ljósrít af farmskírteini orðunum: „Má afgreiða“, án þess að varan væri greidd, og hins vegar hafi starfsmenn skipafélagsins afhent vöruna, án þess að framvísað væri frumriti farmskírteinisins.

Því er haldið fram af stefnanda, að ein af grundvallarreglum um farmflutninga á sjó sé, að farmflytjandi megi aðeins afhenda þeim vöruna, sem framvísi frumriti farmskírteinis, og séu allar undanþágur í þeim efnunum á ábyrgð og áhættu skipafélagsins. Vísað er til 101. gr., 104. gr., 106. gr., 107. gr. og 110. gr. siglingalaga nr. 34/1985 í því sambandi. Þá er talið illskiljanlegt, hvernig það mátti gerast, að starfsmaður Búnaðarbanka Íslands áritaði ljósrít farmskírteinisins, án þess að reikningur stefnanda væri jafnframt

greiddur; en raunar skipti ástæðan engu, aðalatriðið sé, að með áritun hafi bankinn látið handhafa ljósritsins í té skilríki, sem veittu honum heimild til þess að krefjast afhendingar vörunnar, og hafi starfsmanni bankans mátt vera það ljóst. Þannig er af hálfu stefnanda talin ljós orsakatengsl milli þessara mistaka bankans og tjóns stefnanda, og sé afhending farmsins sennileg afleiðing áritunar sem þessarar; en af skipafélagsins hálfu hafi því enda verið borið við, að afhending vörunnar án framvísunar frumrits farmskírteinis hafi einungis gerst vegna áritunar bankans, sem hafi vakið það traust hjá skipafélaginu, að varan væri greidd.

Þá er staðhæft, að algengt sé, að skipafélög afhendi vörur gegn framvísun ljósrits af farmskírteini, ef það er áritað í nafni banka um, að varan sé greidd í bankanum eða að afhending megi fara fram á ábyrgð bankans af öðrum ástæðum. Þessi venja sé hins vegar í andstöðu við aðalregluna um, að afhending sé háð framvísun frumrits farmskírteinis.

Að lokum er af hálfu stefnanda dregin sú ályktun, að eðlilegt sé, að stefndu, sem beri sameiginlega ábyrgð á umræddum mistökum, bæti stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir vegna þeirra. Bótakröfu á hendur bankanum tjáist stefnandi nú reisa á almennum skaðabótareglum utan samninga, en komið hafi í ljós í rekstri málsins, að samningur milli bankans og skipafélagsins hafi ekki legið til grundvallar áritun bankans á ljósrit farmskírteinisins, eins og hugsanlegt gat verið, þegar bankanum var stefnt.

Af hálfu stefnanda er mótmælt, að ákv. 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985 um lækkuð bóta úr hendi farmflytjanda til farmsamningshafa eigi við um þetta mál, þar eð starfsmenn Samskipa hf. hafi af ásetningi afhent farminn, án þess að farmskírteini væri framvísað, og hafi þeim mátt vera ljóst, að tjón gæti af því hlotist. Vísað er til Hrd. 1966, 1031, í þessu sambandi. Þá er mótmælt sem nýjum málsástæðum, að bótafjárhæð verði lækkuð sem nemi 94.443 dönskum krónum, sbr. dskj. nr. 18, og að hún verði miðuð við uppgefið fob-verð í tollskýrslu á dskj. nr. 25.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda Búnaðarbanka Íslands.

Af hálfu bankans er sýknukrafa aðallega studd því, að hann sé ekki aðili að samningi stefnanda og stefnda Samskipa hf., sem mál þetta fjalli um, og beri því að sýkna hann með vísun til 16. gr. laga nr. 91/1991. En að því er varði málsástæður stefnanda og lagarök varðandi bótaskyldu bankans, er byggi á almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að áritun bankans á ljósrit farmskírteinisins, sem tengi bankann við málið, geri bankann bótaskyldan á einhvern hátt.

Af hálfu bankans er því haldið fram, að bankinn hafi ekki látið Véla-

kaupum hf. í té neins konar yfirlýsingu um, að skipafélaginu væri heimilt að afhenda umrædda gröfu á ábyrgð bankans; í fyrsta lagi hafi engar forsendur verið til þess, og í öðru lagi hafi sú áritun starfsmanns bankans á ljósrit farmskírteinis, sem stefnandi reisi málatilbúnað sinn á gagnvart bankanum, ekki að geyma neina yfirlýsingu í þá átt. Stefndi vísar til þess, að starfsmönnum meðstefnda, Samskipa hf., hafi mátt vera ljóst, að stimplun af bankans hálfu með orðunum: „Má afgreiða“ á ljósrit farmskírteinis ásamt áritun eins starfsmanns bankans hefði ekki sömu þýðingu og stimplun orðanna: „Vöruna má afgreiða á ábyrgð bankans“ ásamt áritun tveggja starfsmanna bankans, enda mæli starfsvenjur og reglur einungis fyrir um, að síðarnefnda áritunin gefi ábyrgð bankans á afhendingu farms skipafélaginu að skaðlausu. Bankinn verði því ekki leiddur til ábyrgðar fyrir mistök skipafélagsins, þar sem engum sagnæmum mistökum, yfirsjón eða vanrækslu, hvað þá ásetningi, sé til að dreifa hjá bankanum, sem stefnandi geti rakið tjón sitt til.

Af hálfu bankans er haldið fram, að stimpillinn með orðunum: „Má afgreiða“ hafi ekki verið í almennri notkun innan bankans frá árinu 1986, en tilgangur með notkun hans hafi á sínum tíma verið sá að sýna innan bankans, að út á tiltekna „faktúru“ mætti afgreiða erlendan gjaldeyri, og hafi tolyfjörvöld þá gert kröfu um, að þær væru stimplaðar með þessum hætti, áður en vara fékkst tollafgreidd. Stimpill þessi hafi aldrei verið í notkun í tengslum við skipafélögin og farmskírteinisafrit; hins vegar hafi ýmsir viðskiptamenn bankans, sem vanist höfðu gamla laginu á afgreiðslu gjaldeyris, óskað eftir, að „faktúrur“ væru stimplaðar, svo að þeir ættu betra með að henda reiður á, hvort gjaldeyri hefði verið útvegaður til greiðslu á viðkomandi vöru.

Við aðalmeðferð var af hálfu bankans gerð krafa um, færi svo, að dómur félli stefnanda í vil á grundvelli þess, að starfsmanni bankans hefðu orðið á þau mistök að árita ljósrit farmskírteinis vegna gjaldeyrisafgreiðslu, að fjárhæð 94.443 krónur danskar í stað 791.680, að til frádráttar stefnufjárhæð kæmu þessar 94.443 krónur, enda óumdeilt, að stefnandi hafi fengið þá fjárhæð greidda frá Vélakaupum hf. Þá var gerð krafa um, að fob-verð gröfunnar, 485.900 danskar krónur, yrði lagt til grundvallar dómsniðurstöðu, enda væri um tölu í opinberu skjali að ræða, sem ekki væri hnekkt. Enn fremur var þess krafist, að sömu reglur um takmarkanir á ábyrgð giltu gagnvart bankanum, sem leiddu til lækkunar bótafjárhæðar, og meðstefndi Samskip hf. sem farmflytjandinn ber fyrir sig.

Málsástæður og lagarök stefnda Samskipa hf.

Af hálfu stefnda Samskipa hf. er því haldið fram, að skipafélagið beri ekki ábyrgð á ætluðu tjóni stefnanda. Á það er bent, að Vélakaup hf., Allis Trading Company, hafi fengið umrædda gröfu afhenta síðari hluta októbermánaðar 1992 og forráðamenn skipafélagsins ekki vitað betur en stefnandi hefði þá fengið kaupverð vélarinnar greitt eða a. m. k. ábyrgð meðstefnda Búnaðarbanka Íslands á greiðslunni.

Sýknukrafa skipafélagsins er reist á því, að félaginu hafi verið heimilt að afhenda gröfuna viðtakanda skv. ljósriti farmskírteinis, þegar bankinn hafði heimilað afhendingu og tekið á henni ábyrgð. Þá er látið að því liggja, að sú vanræksla stefnanda að ganga ekki eftir greiðslu úr hendi Vélakaupa hf. eða að heimta vélina í eigin hendur að öðrum kosti, – frá því að vélin var afhent félaginu og þar til bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta fimm mánuðum síðar, 12. mars 1993, – firri stefnanda rétti til að ganga að skipafélaginu um greiðslu, þar sem skipafélagið hafi sökum tómlætis stefnanda misst af endurkröfu á viðtakanda farmsins. Tekið er undir röksemdir stefnanda, að með áritun bankans á ljósrit farmskírteinisins hafi bankinn látið handhafa þess í té skilríki, sem veitt hafi honum heimild til þess að krefjast afhendingar vörunnar, og hafi viðkomandi starfsmönnum bankans mátt vera það ljóst. Af hálfu skipafélagsins er staðhæft, að starfsmenn Búnaðarbankans hafi iðulega notað stimpil með orðunum: „Má afgreiða. Búnaðarbanki Íslands. Erlend viðskipti“ á afrit eða ljósrit farmskírteina í þeim tilgangi að gera viðtakanda vöru mögulegt að sækja vöruna til farmflytjanda, og vísað til dskj. nr. 24 og framburðar starfsmanna skipafélagsins í því sambandi. Þá rökstyður skipafélagið sýknukröfu því, að kröfugerð stefnanda um, að félaginu verði gert að bera in solidum ábyrgð með bankanum, sé andstæð grunnreglum kröfuréttar, enda ekki slíkt samband milli stefndu, að réttlæti slíkt. Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sérstaklega.

Varakröfu um lækkuð stefnufrjárhæðar reisir skipafélagið á því, að hámark ábyrgðar þess skv. siglingalögum sé lægra en stefnufrjárhæð. Hámarksábyrgð skv. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 34/1985 sé 2 SDR fyrir hvert brúttókiló vöru, en skv. farmskírteini hafi brúttóþyngd gröfunnar verið 21.000 kíló og hámarksábyrgð skipafélagsins því 42.000 SDR. Gengi á SDR hafi 1. okt. 1992 verið 79,3632 og hámarksábyrgð skipafélagsins því 3.333.256 krónur, en þar frá dragist andvirði USD 9000 eða 639.000 krónur og 94.443 danskar krónur eða 1.040.762 íslenskar krónur, svo að bótafrjárhæð verði 1.653.492 krónur.

Niðurstaða.

Stefnandi sækir bætur á hendur Búnaðarbanka Íslands á grundvelli þess, að bankinn hafi valdið honum tjóni með því að árita ljósrit farmskírteinis, eins og greint hefur verið frá. Ekki þykir það atvik eitt sér hafa valdið umræddum skaða stefnanda, en leitt hefur verið í ljós með vitnisburði starfsmanna bankans og skipafélagsins, að ekki er með öllu óalgengt, að ljósrit farmskírteina séu árituð á þennan eða viðlíka hátt, er gjaldeyrir er seldur viðtakanda farms til að greiða farmsamningshafa.

Framkvæmdastjóri Vélakaupa hf. framvísaði við gjaldeyriskaupin, er hann fékk ljósrit farmskírteinisins áritað, ekki þeim reikningi, er greiða skyldi fyrir hjólagröfuna, heldur öðrum reikningi, er varðaði, að því er virðist, önnur viðskipti við stefnanda. Þetta gat starfsmaður bankans ekki varast með góðu móti, því að af farmskírteininu sjálfu verður ekki ráðið, hvert söluverð vörunnar er, og verður það því ekki metið honum til ámælis að hafa látið blekkjast með þessum hætti til að árita ljósritið, sem sjálft bar vitni um viðskipti milli stefnanda og Allis Trading Company, öðru nafni Vélakaup hf. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að bankinn hafi valdið stefnanda tjóni af ásetningi eða vítaverðu gáleysi.

Einsætt er, að starfsmenn Samskipa hf. létu af hendi við framkvæmdastjóra Vélakaupa hf. hjólagröfu þá, sem stefnandi ráðgerði að selja Vélakaupum hf. Þetta gerðu þeir vísitandi, án þess að framvísað væri frumriti farmskírteinis um vöruna. Og þó að þeir hafi gert það í trausti þess, að Búnaðarbanki Íslands myndi bæta tjón, sem af þessu gæti hlotist, firrir það ekki skipafélagið ábyrgð á efdum farmsamnings að öðru jöfnu.

Í lokamálsgrein 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985 segir, að farmflytjandi geti ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein, ef það sannast, að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátt vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljóta af. Bótafjárhæðin verður því ekki lækkuð á grundvelli ákv. 2. mgr. 70. gr., eins og skipafélagið gerir kröfu um. Hins vegar þykir mega fallast á með Samskipum hf., að stefnandi hafi ekki gert grein fyrir þeim 94.443 krónum dönskum, sem fullvíst er, að Vélakaup hf. greiddu stefnanda, og verði því að lækka umkrafða bótafjárhæð sem þeirri fjárhæð nemur, en getið er um þessa fjárhæð á dskj. nr. 18, sem stefndi Búnaðarbanki Íslands lagði fram með greinargerð sinni ásamt fleiri skjölum 25. nóv. 1993.

Ekki verður séð, að tollskýrsla, sem lögð hefur verið fram í ljósriti sem dskj. nr. 25, breyti í nokkru réttarstöðu stefnanda, þar sem ekki er sýnt fram á, að stefnandi hafi átt þátt í henni. Þá þykir réttur stefnanda sem

farmsamningshafa ekki hafa glatast gagnvart Samskipum hf. sem farmflytjanda fyrir tómlæti, þó að liðið hafi nokkrir mánuðir, frá því að grafan, sem hér um ræðir, var afhent viðtakanda skv. farmskírteini án greiðslu og þar til stefnandi fór fram á skýringar á þætti skipafélagsins í málinu.

Samkvæmt framangreindu er fallist á þá kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands, að bankinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Aftur á móti ber að dæma stefnda Samskip hf. til að greiða stefnanda 697.237 danskar krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en telja verður gegn andmælum stefndu, að stefnandi hafi fyrst með stefnu lagt fram þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Stefnanda, Fiatagri Danmark A/S, verður gert að greiða Búnaðarbanka Íslands 650.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Stefnda Samskipum hf. verður gert að greiða stefnanda 650.000 krónur í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi Búnaðarbanki Íslands er sýknaður af kröfum stefnanda, Fiatagri Danmark A/S, og greiði stefnandi bankanum 650.000 krónur í málskostnað.

Stefndi Samskip hf. greiði stefnanda 697.237 danskar krónur með 10,6% ársvöxtum frá 21. október 1993 til 1. desember s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 650.000 krónur í málskostnað.
